

Ársskýrsla 2021



Hér birtist ársskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2021

Skipulag og innihald byggir á texta í fjárveitingarbréfi og forskrift frá mennta- og menningarmálaráðuneyti sent skólameisturum 22. febrúar 2013 og nefnist *Innihald og lengd á ársskýrslum*.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Á vorönn 2021 voru nemendur við skólann 182. Þar af voru 81 karl og 101 kona. Tæplega 60% nemenda voru 20 ára og eldri og liðlega helmingur búsettur utan sveitarfélagsins. Um 43% nemenda voru á stúdentsprófsbrautum, 10% á framhaldsskólabraut og um 32% í starfsnámi en um 80% þeirra í fjallamenskunámi. Um 15% nemenda voru í öðru námi og ótilgreindu og þá oftast fjarnemendur í einum til tveimur áföngum. Á vorönninni voru 30 á starfsmannalistanum. Kennarar í fullu starfi voru 16 og í hlutastarfi voru 10. Aðrir starfsmenn voru 4 og þar af 3 í fullu starfi og auk þess er húsvörður í Nýheimum sem sinnir húsvörslu í skólanum. Starfsmenn 50 ára og eldri voru 12 en 18 yngri.

Á haustönn 2021 voru 242 nemendur við skólann og á starfsmannalistanum voru 40 nöfn. Kennarar í fullu starfi voru 17 og 17 í hlutastarfi. Aðrir starfsmenn í fullu starfi voru 3 og 3 að auki í hlutastarfi. Starfsmenn 50 ára og eldri voru 14. Kynjaskipting nemenda var þannig að 81 karl og 111 konur voru á nemendalista. Rúmlega 60% nemenda voru 20 ára og eldri og tæp 60% búsett utan sveitarfélagsins. Flestir nemendur voru skráðir í nám til stúdentsprófs eða 76 alls. Til framhaldsskólaprófs voru skráðir 15 nemendur, 103 í starfsnám, þar af 72 í fjallamenskunámi, og 48 í annað eða ótilgreint nám.

Námsframboð:

Námsframboð skólans árið 2021 var í stórum dráttum eins og undanfarin ár. Boðið er upp á nám á framhaldsskólabraut, á þremur stúdentsbrautum; hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut. Einnig er boðið upp á starfsnám í vélstjórn og fjallamennsku. Á kjörnámsbraut til stúdentsprófs geta nemendur í samráði við skólann valið sér sérhæfingu og áherslur. Á kjörnámsbraut er einnig hægt að velja sérstaka námspakka sem skipulagðir eru sem námssvið kjörnámsbrautar. Sviðin eru fjallamenskunám, lista- og menningarsvið, íþróttasvið og vélstjórnarsvið. Öll sviðin eru í þróun bæði hvað varðar innihald og einnig hvaða áfanga þarf að taka til að ljúka námi á kjörnámsbraut með tiltekið svið sem sérhæfingu. Tvö af fjórum sviðum eru einnig helsta starfsnámsframboð skólans.

Nám á lista- og menningarsviði og íþróttasviði var með líkum hætti og á síðasta ári.

Sama má segja um nám í vélstjórn. Hins vegar voru miklar breytingar varðandi fjallamennskunámið.

Á vorönn 2021 var ákveðið fyrir áeggjan stjórnvalda að taka inn nemendur sem væru atvinnulausir undir merkjum verkefnisins *Nám er tækifæri*. Það bættust við 15 nemendur til viðbótar þeim 30 sem voru fyrir í fjallamennskunáminu. Sérstaklega var horft til þeirra sem hefðu reynslu í faginu og gætu því tekið námið á einni önn í stað tveggja. Í upphafi annar fóru nemendur í gegnum hæfnimat sem byggðist á viðtölum og gögnum um starfsreynslu. Um haustið var einnig hlustað á hvatningu stjórnvalda um eflingu starfsnáms og vilyrði um að það yrði allt fjármagnað. Teknir voru inn um helmingur þeirra 150 sem sóttu um. Stærsti hluti þeirra var í grunnnáminu en nemendur voru einnig teknir inn í framhaldsnámið sem hafði verið unnið að því að skipleggja á vorönninni í tengslum við *heildstætt nám í ferðaþjónustu; nýja námskrá* sem menntamálaráðuneytið hafði falið skólanum að skrifa.

Á haustönn 2021 var boðið upp á nám í hestamennsku. Námið var skipulagt í samræmi við námskrá sem kennd er við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Alls voru um 20 nemendur skráðir í námi. Á haustönn var um bóklegt nám að ræða en á vorönn bættist verklega námið við. Áhugi er á því innan skólans að bjóða upp á nám í hestamennsku sem tengist *heildstæðu námi í ferðaþjónustu*. Slík sérhæfing var þó ekki sett inn í námspakkann þar sem ekki gafst nægur tími í að móta hana í samvinnu við þá sem þyrftu að koma að slíkri viðbót.

Framkvæmd markmiða skólans samkvæmt *Stefnuskjali 2020-2022* sem byggt er á lögum um opinber fjármál.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið setur fram þrjú meginmarkmið fyrir framhaldsskóla samkvæmt lögum um opinber fjármál.

1. *Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs – og tækninámi og jafna kynjadreifingu*
2. *Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma*
3. *Auka gæði menntunar í framhaldsskólum .*

Á grundvelli þessara markmiða setur FAS fram markmið í stefnuskjali skólans 2021-2023. Þessi markmið eru undir hatti kjarnastarfsemi. Fyrir hvert markmið eru settar fram þrjár aðgerðir

1. *Auka framboð starfsnáms*
 - a. *Efla nám í fjallamennsku og starfendanám í ævintýraferðaþjónustu*
 - b. *Efla samstarf kjarnaskóla náms sviða og Fjarmenntaskólans um starfsnám á landsbyggðinni*
 - c. *Þróa starfstengt nám í listum og íþróttum*
2. *Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilskildum tíma*
 - a. *Festa í sessi og þróa frekar foreldrasamstarf*

- b. *Festa í sessi og þróa frekar umsjónarkerfið*
- c. *Efla námsráðgjöf og stuðningskerfi*
- 3. *Treysta starfsgrundvöll skólans*
 - a. *Fjölga fjarnemendum með því bæta markaðssetningu með áherslu á stafræna markaðssetningu.*
 - b. *Fjölga nemendum í lista -og verknám með því að efla fjarnám og nám fullorðinna.*
 - c. *Fjölga nemendum af erlendum uppruna með því að auka áherslu á ævinám*

Í stefnuskjalinu eru einnig sett fram markmið undir liðnum rekstrarþættir þar sem fjallað er um starfsmannamál og aðgerðir þeim tengdum.

- 1. *Aukið umfang starfsþróunar*
 - a. *Þróa aðferðir við skráningu á umfangi starfsþróunar*
 - b. *Gefa starfsmönnum tækifæri til að fara í starfend nám í öðrum skólum í Evrópu*
- 2. *Aukin starfsánægja*
 - a. *Auka hópefli starfsmanna með reglulegum hittingi*
 - b. *Námskeið og uppákomur til að efla starfsanda og samkennd*
- 3. *Að draga úr óumhverfissvænni neyslu starfsmanna og nemenda*
 - a. *Grænu skrefin*
 - b. *Grænt bókhald*
 - c. *Loflagsstefna*

Allar aðgerðir eru með tímasett upphaf og lok og hverju markmiði fylgja einnig mælikvarðar. Hér verður fjallað um markmiðin þrjú sem tengjast kjarnastarfsemi og einnig markmiðið sem er undir hatti rekstraþátta. Fjallað verður aðskilið um hvert markmið og mælikvarða sem því tengist.

Kjarnastarfsemi, markmið 1: Auka framboð starfsnáms

Mælikvarðar á markmið 1 og þau verkefni sem því fylgir eru tveir. Annars vegar er gert ráð fyrir að *meðaltalsfjöldi kenndra áfanga á viðkomandi sviðum* fari úr því að vera 12 árið 2019 í það að vera 15 árið 2021. Reyndin var 20 og skýrist það einkum af því að á haustönn var tekin upp kennsla í framhaldsnámi, eða öðru ári í fjallamennsku, í samræmi við *heildstæða námskrá í ferðaþjónustu* sem unnið var að samkvæmt beiðni menntamálaráðuneytisins. Hinn mælikvarðinn á markmið 1 var *meðaltalsfjöldi skráðra nemenda á viðkomandi sviðum*. Árið 2019 var fjöldinn 27 og markmiðið var að þeir væri orðnir 30 árið 2021. Niðurstaðan var 70 nemendur. Skýringin á mikilli fjölgun er mikil aukning í fjallamenskunáminu sem má líkja því við sprengingu. Aukið fjárframlag fylgdi þó ekki, þrátt fyrir vilyrði um það, sem bitnaði þá að fjárhag skólans.

Kjarnastarfsemi, markmið 2: Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilskildum tíma

Mælikvarðar á markmið 2 og þau verkefni sem þeim fylgja eru þrír. Í fyrsta lagi *hlutfall þeirra sem ljúka stúdentprófi á sex önum*. Árið 2019 var hlutfallið 44% og viðmið fyrir árið 2021 var 50%. Niðurstaðan varð 56%. Í öðru lagi var hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi á fjórum önum. Hlutfallið var 25% árið 2019 og viðmið fyrir 2021 var 30% en niðurstaðan var að engin lauk framhaldsskólaprófi á fjórum önum. Þriðji mælikvarðinn var að ljúka starfsnámi í fjallamennsku og vélstjórn samkvæmt upphaflegri áætlun. Árið 2019 var hlutfallið 13% og viðmiðið fyrir árið 2021 var 20% en niðurstaðan varð 42%. Samkvæmt þessu náðust tvö markmið af þremur. Breytingin í stúdentsprófinu gæti þó verið innan skekkjumarka þar sem tiltölulega fáir einstaklingar breyta miklu um hlutfallið. Svipað má reyndar segja um framhaldsskólaprófið þar sem hver sá sem líkur eða lýkur ekki námi á sex önum getur haft í för með sér sveiflu upp á einn til tvo tugi prósentna. Niðurstaða er afgerandi fyrir starfsnámið eins og fleiri vísbendingar annarra mælinga benda einnig til.

Kjarnastarfsemi, markmið 3: Treysta starfsgrundvöll skólans

Þrjár aðgerðir eru settar fram til að ná markmiði 3 og mælikvarðar á árangur eru þrír. Aðgerðirnar eru í fyrst lagi að fjölga fjarnemendum með því að auka áherslu á stafræna markaðssetningu. Ekki var unnið nógu markvisst að þessu og niðurstaðan varð sú að nemendum sem ætla að ljúka námi við skólann fækkaði úr 32 niður í 28 í stað þess að fara upp í 35 eins og áætlun gerði ráð fyrir.

Í öðru lagi stóð til að fjölga ársnemendum í list- og verknámi með því að efla fjarnám og nám fullorðinna. Staðan hvað þetta varðar árið 2019 var 23 og áform voru um að fjölga þeim í 30. Það gekk eftir og meira en það því ársnemendur fóru upp í 64 á árinu 2021. Ástæðan er fyrst og fremst fjölgun nemenda í fjallamenskunámi en sennilega eru áform um aukna áherslu nám fullorðinna og fjarnám ekki skýring á fjölguninni. Árangur næst því hvað þetta markmið varðar en þó ekki vegna þeirra aðgerða sem til stóð að fara í.

Í þriðja lagi stóð til að fjölga ársnemendum af erlendum uppruna með því að auka áherslu á ævinám. Staðan hvað þetta varðar var 11 ársnemendur árið 2019 og áætlun gerði ráð fyrir 13 ársnemendum árið 2021. Sú áætlun gerði meira en að nást því að alls voru ársnemendur af erlendum uppruna 23 á árinu 2021. Stærsti hluti skýringarinnar er að leita í fjölgun nemenda af erlendum uppruna í fjallmenskunámi og þá einkum þeir sem bættust við í gegnum verkefnið *Nám er tækifæri*.

Rekstrarþættir, markmið 1: Aukið umfang starfsþróunar

Til að ná þessu markmið voru settar af stað tvær aðgerðir. Annars vegar að þróa aðferðir við skráningu á umfangi starfsþróunar og hins vegar að gefa starfsmönnum tækifæri til að fara í starfendanáms í öðrum skólum í Evrópu.

Varðandi þróun á aðferðum við skráningu þá var búið til sameiginlegt skjal á Teams sem starfsmenn voru beðnir um að fylla út. Óskað var eftir upplýsingum um þrjár gerðir starfsþróunar. Í fyrsta lagi formlegt nám í skóla. Í öðru lagi þátttöku í námsskeiðum og í þriðja lagi óformlegt nám svo sem lestur fræðigreina og þátttaka í umræðuhópum á netinu. Á starfsmannalistanum á vorönn 2021 voru 41 nafn. Margir þeirra voru í hlutastafi og sumir í verktöku. Alls bárust einhver svör frá 12 starfsmönnum. Fimm af þeim voru í formlegu námi og sjö höfðu tekið námskeið á önninni. Það voru einnig sjö sem tilgreindu eitthvert óformlegt nám. Út frá þessum svörum er varasamt að setja fram eina tölu um *fjölda klukkustunda af 80 út frá starfshlutfalli og ráðningartíma* eins gert varð ráð fyrir að yrði mælikvarði fyrir markmiðið.

Á haustönn 2021 barst 21 svar. Fjórir starfsmenn voru þá í formlegu námi og 16 tilgreindu námskeið sem þeir höfðu tekið. Alls tilgreindu 19 eitthvert óformlegt nám. Þarna eru um verulega aukningu að ræða. Væntanlega er skýringin að stórum hluta betri skráning en einnig er um að ræða aukningu á umfangi starfsþróunar í skólanum.

Varðandi aðgerðina að gefa mönnum kost á starfsþróun við aðrar evrópska skóla þá hefur FAS fengið styrk til að senda 5 kennara á ári í heimsóknir og skuggakennslu við aðra evrópska skóla. Unnið er að því að mynda tengsl og skoða möguleika á slíkum heimsóknunum og vonir eru bundnar við að af þeim gæti orðið á næstu önnunum.

Rekstrarþættir, markmið 2: Aukin starfsánægja

Mælikvarðinn á þetta markmið er útkoma úr könnuninni *Stofnun ársins*. Staðan 2019 var 4,28 og viðmið fyrir 2021 var 4,3 en niðurstaðan varð 4,24. Aðgerðirnar sem áttu að auka starfsánægju voru annars vegar að auka hópefli starfsmanna með reglulegum hittingi og hins vegar að vera með námskeið og uppákomur til að efla starfsanda og samkennd. Af tölunum má sjá að þetta markmið gekk ekki eftir. Af tíu mæliþáttum er þó skólinn með yfir 4,2 af 5 mögulegum í átta þáttum. Lægst er staðan varðandi laun (3,31) en hæst varðandi ánægju og stolt (4,52) Hækkun á milli ára er mest varðandi vinnuskilyrði og lækkun mest varðandi stjórnun. Þegar niðurstöður eru bornar saman við allar aðrar stofnanir að meðaltali þá er talan

hæri í FAS í öllum matsþáttum. Þegar borið er saman við aðra framhaldskóla og háskóla þá FAS einnig með hærri tölu í öllum þáttum nema varðandi sjálfstæði í starfi þar sem talan er lægri. Mestur munur á FAS og öðrum stofnunum er varðandi ímynd stofnunar þar sem FAS er með 4,43; aðrir skólar með 4,15 og aðrar stofnanir 3,88.

Rekstrarþættir, markmið 3: Að draga úr óumhverfisvænni neyslu starfsmanna og nemenda

Aðgerðirnar til að ná þessu markmiði eru *Grænu skrefin, grænt bókhald og loftlagsstefna*. Mælikvarðarnir eru í fyrsta lagi *hlutfall notkunar jarðefniseldsneytis miðað við heildarfjölda km til og frá skóla* og í öðru lagi *fjöldi einnota matarumbúða*. Hvorugt var mælt árið 2021 þar sem ákveðið var að nota mælikvarða *Grænna skrefa* og *græns bókhalds* en ekki mælikvarða sem eru þar fyrir utan. Þriðji mælikvarði var um pappírnotkun og þar hefur umfangið verið rangt metið í stefnuskjalinu þegar staðan var metin fyrir árið 2019.

Samkvæmt græna bókhaldinu var notkun á ljósritunarpappír 200 kg árið 2019 en 221 árið 2021. Ef notkunin er reiknuð út frá fjölda stöðugilda þá hefur notkunin dregist saman um rúm tvö kg á mann úr um 11 kg í tæp 9 kg.

Skólinn fór í gegnum Grænu skrefin á haustönn 2021 og lauk öllum fimm skrefunum fyrir áramót sem fól einnig í sér mótun loftlagsstefnu með sérstökum markmiðum. Fimmta skrefi Grænna skrefa felur meðal annars í sér að búið er til umhverfisstjórnunarkerfi. Í umhverfisstjórnunarkerfinu eru meðal annars loftlagsstefna, innkaupastefna, fræðsluáætlun og aðgerðaáætlun. Eðlilegt er að nota umhverfisstjórnunakerfið í framtíðinni til að meta árangur varðandi markmiðið við að draga úr óumhverfisvænni neyslu starfsmanna og nemenda.

Mat: Sjálfsmat og ytra mat

Sjálfsmatsskýrsla er unnin fyrir hvert skólaár og birt á vef skólans. Þar er greint frá skipulagi, framkvæmd og eftirfylgni sjálfsmats. Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2021-2022 er gerð grein fyrir tölum um nemendaígildi, brottfall og meðaltal einkunna. Einnig er fjallað er um Grænu skrefin, umhverfisviku og skólafundi. Varðandi ytra mat er vísað til umfjöllunar hér fyrir framan um stofnun ársins.

Afkoma, rekstrarstaða:

Samkvæmt ársreikningi 2021 voru tekjur um 291 milljón , en gjöld um 344 milljónir. Gjöld umfram tekjur voru því um um 53 milljónir. Tekjur hækkuðu um 23 milljónir en gjöldin hækkuðu um 81 milljónir. Skýringin á hallarekstri er fyrst og fremst aukið umfang náms í

fjallamennsku og þar munar mestu um aukinn launakostað. Launakostnaður var árið 2021 um 270 milljónir en hafði verið um 210 milljónir árið 2020.. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um tæpar 19 milljónir á milli ára.

Stjórnun:

Stjórnun skólans á árinu 2021 var með hefðbundnum hætti. Samanber skipurit skólans þá einkennist stjórnunin að mestu leyti af tveimur lögum þar sem starfsmenn heyra beint undir skólameistara. Með auknu umfangi náms er þó að þróast innan skólans hópur millistjórnenda. Þetta kemur hvað skýrast fram í fjallamenskunáminu en verkefnastjóri fjallamennsku hefur tekið að sér skipulags verkefnið á því sviði sem eru í höndum skólameistara í öðru námi í skólanum. Að öðru leyti gildir líkt og áður að kennarar og aðrir starfsmenn hafa hver sitt starfssvið og bera þar mismikla ábyrgð. Þannig er starfsmaður sem er áfangastjóri í hlutastarfi og gegnir einnig hlutverki aðstoðarskólameistara. Annar kennari sér um vef skólans, sá þriðji hefur umsjón með fjarnámi og sá fjórði er verkefnisstjóri hestamenskunáms. Þannig mætti áfram telja upp útteilingu ábyrgðar og starfssviða innan skólans. Fjöldi stundakennara er misjafn eftir önnum og umfangi kennslu en kennarar í fullu starfi kenna iðulega fleiri en eina grein og hafa oft með höndum önnur verkefni einnig.

Samvinna við aðra:

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu starfar við óvenjulegar aðstæður þar sem starfssvæði hans eru um 250 km enda á milli og þar búa ekki nema um 2400 manns. Í rúmlega 30 ára sögu skólans hefur því oft þurft að leita annarra leiða en notaðar eru þar sem fólk er fleira á minna svæði. Á árinu 2021 var samstarf í tengslum við skrif á *heildstæðri námskrá í ferðapjónustu* það sem einkenndi árið. Nánasti samstarfsaðilinn þar var Hæfnisetur ferðapjónustunnar en auk þess var töluvert samstarf við samtök, framhaldsfræðsluaðila, háskóla og framhaldsskóla sem tengjast ferðapjónustunni. Margvísleg þróunar- og nemendaskiptaverkefni styrkt af Evrópusambandinu og Norrænu ráðherranefndinni hafa í gegnum tíðina verið mikilvægur hluti náms og kennslu við skólann. Lýsing verkefnastjóra hvers verkefnis á þeim sem voru í gangi árið 2021 er hér fyrir neðan.

Erlent samstarf 2021

Hulda L. Hauksdóttir

Detour – Destinations: Wellbeing Tourism Opportunities for Regions

Detour verkefnið var Erasmus+ verkefni sem hófst 01.10.2019 og lauk formlega 31.12.2021. Verkefnið átti að vera tveggja ára verkefni en það var framlengt um þrjá mánuði vegna Covid-19. Unnið var því að verkefninu allt starfsárið 2021.

DETOUR verkefnið var unnið í samstarfi fjölbreyttra stofnanna frá sex löndum; University of the Highlands and Islands í Skotlandi sem jafnframt var leiðandi aðili verkefnisins, European E-learning Institute í Danmörku, Momentum Marketing Services Limited í Írlandi, Fundo de Maneio – Consultoria, Recursos Humanos e Investimentos Lda, Portúgal, Visja strokovna sola za turizem Maribo í Slóveníu auk Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

Markmið verkefnisins var að gera ferðapjónustuvæðum og áfangastöðum kleift að þróa og nýta sér efnahagslegan, félagslegan og umhverfislegan ávinning af heilsueflandi ferðapjónustu. Verkefnið gaf ferðapjónustufyrirtækjum og öðrum hagsmunaaðilum möguleika á aðgengilegri starfsmenntun auk úrræða sem nýst geta við þróun heilsueflandi ferðapjónustu á viðkomandi svæðum.

Afurðir DETOUR voru þrjár hagnýtir námspakkar sem nýst geta til að þróa og betrubæta heilsueflandi ferðapjónustu. Í námsþökkunum þremur var að finna eftirtalið efni:

- Kynning á tækifærum innan heilsueflandi ferðapjónustu í Evrópu.
- Kynning á þáttum og aðferðum sem einkenna vel heppnuð verkefni sem leitt hafa til heimspekktra heilsueflandi ferðapjónustuframboða og svæða.
- Þróun og framkvæmdaleiðir heilsueflandi hátíða og viðburða.

Afurðir verkefnisins, námspakkarinnir, ættu að nýtast fjölbreyttum hópi hvort sem verið er að vinna að verkefnum sem eru á hugmyndastigi eða lengra komin. Fyrirtæki, einstaklingar og viðkomandi svæði ættu að geta aukið færni sína til nýsköpunar, eftt fjölbreytni á markaði og sjálfbæran vöxt hagkerfis heilsueflandi ferðapjónustu með því að nýta sér afurðir DETOUR. Vinna við verkefnið fór aðallega fram í netheimum þar sem Covid kom að mestu í veg fyrir að hægt væri að samstillta vinnuna á fyrirhuguðum vinnufundum í þátttökulöndunum.

Lokaafurðirnar tókst þó að kynna í raunheimum með lokaráðstefnu sem haldin var í Nýheimum 10.11.2021 Þátttaka úr röðum ferðapjónustuaðila var dræm og hefði mátt leggja enn meiri áherslu á að ná til þeirra aðila, þó talsverð vinna hafi farið fram til að tengja skóla og atvinnulífið.

Slóð inn á heimasíðu verkefnisins er að finna á heimasíðu FAS og einnig hér í lok textans.

Það var ekki hluti af verkefninu að þýða efni verkefnisins á íslensku þó það væri gert á bæði slóvensku og portúgölsku.

<https://www.detourproject.eu/>

PEAK – New Heights for Youth Entrepreneurship

PEAK verkefnið er tveggja ára Erasmus+ verkefni sem hófst 01.05.2021 og lýkur 30.04.2023.

PEAK verkefnið er unnið í samstarfi fjölbreyttra stofnanna frá sex löndum; University of the Highlands and Islands í Skotlandi sem jafnframt er leiðandi aðili verkefnisins, National Technical University of Athens í Grikklandi, Momentum Marketing Services Limited í Írlandi, GAL Medridaunia á Ítalíu, Canice Consulting Limited í Bretlandi auk Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

PEAK er frumkvöðlaverkefni fyrir ungmenni í fjallahéruðum og á einangruðum svæðum.

Verkefnið leitast við að efla aðgerðir sem geta stuðlað að styrkingu og sjálfbærri þróun fyrrnefndra svæða. Kveikjan að verkefninu er sú staða sem þessi svæði hafa verið að fást við víða í Evrópu, þ.e. brottflutningur ungs fólks, almenn fólksfækkun og áhrif þess á félagslega og efnahagslega stöðu svæðanna.

Markmið PEAK eru:

- Styrkja efnahag í fjallahéruðum og á einangruðum stöðum með auknu frumkvöðlastarfi ungs fólks.
- Vinna gegn, og snúa við fólksfækkun (þar sem það á við) með því að efla frumkvöðlastarfsemi meðal ungs fólks.
- Valdefla ungt fólk í gegnum frumkvöðlastarf og auka þátttöku þeirra og nýsköpun sem leitt getur til atvinnuuppbyggingar í heimabyggð.

Afurðir PEAK eru fjórir verkefnapakkar sem munu innihalda:

- Gögn og stuðningsefni fyrir kennara og hagsmunaaðila sem greina tækifærin sem falist geta í frumkvöðlastarfi ungs fólks og þau áhrif sem það getur haft á atvinnuuppbyggingu viðkomandi svæða
- Samantekt á hvetjandi rannsóknum og myndbandsefni tengt starfi ungra frumkvöðla
- Leiðbeinandi efni um frumkvöðlastarf og nýsköpun sem nýst getur í óformlegri menntun ungmenna
- Gagnvirkt fjarnámsumhverfi sem stuðlað getur að auknum samskiptum og auknið samstarf ungra frumkvöðla.

Vinnan við verkefnið hófst á fjarfundi þátttökuaðila þar sem ekki var hægt að ferðast vegna Covid-19 á árinu 2021. Mannskipti fóru fram á leiðandi einstaklingum innan UHI sem leiðir heildarverkefnið og hafði það lítilla áhrif á framvindu verkefnisins á árinu 2021.

Ungir frumkvöðlar í nærumhverfi FAS tóku þátt í PEAK og lögðu verkefninu lið með því að vinna að stuttu myndbandi þar sem þau greindu frá reynslu sinni af því að vera frumkvöðlar og sögðu einnig frá fyrirtækjum sínum. Þau fyrirtæki sem tóku þátt eru: **Birki**, veitingastaður á Höfn, **Fenrir**, CrossFit stöð á Höfn, **Frá haus að hala**, kjötvinnsla á Höfn, **Heima**, listamannaástaða á Seyðisfirði, **Freysnes – Skaftafell 2**, býli í Öræfum, **Tindaborg**, fjallaleiðsögn í Öræfum.

Leitað var til menningarsviðs FAS með þá hugmynd að samþætta nám nemenda í kvikmyndaáfangi sviðsins og PEAK og leyfa nemendum að aðstoða ungu frumkvöðlana við að taka upp myndböndin. Þetta samstarf gekk ekki sem skyldi og enduðu fyrirtækin og eigendur þeirra, ungu frumkvöðlarnir, á því að vinna myndböndin sjálf.

Slóð inn á heimasíðu verkefnisins er að finna á heimasíðu FAS og einnig hér í lok textans. Heimasíðan er enn í vinnslu. <https://www.peakentrepreneurs.eu/>

Hjördís Skírnisdóttir

Geoheritage, culture and sustainable communities in rural areas in Finland, Iceland and Norway er þriggja ára Nordplus samskiptaverkefni og er FAS eitt þriggja þátttökulanda. Skólaárið 2021 – 2022 er annað árið í verkefninu. Fyrsta árið var ekkert hægt að ferðast vegna COVID. Engu að síður voru áætluð verkefni unnin og samskipti fóru fram í gegnum Teams og önnur samskiptaforrit. Í verkefninu er unnið með valin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og er eitt heimsmarkmið tekið fyrir á hverri önn.

Haustið 2021 fór íslenski hópurinn til Finnlands en norski hópurinn komst ekki vegna strangra ferðatakmarkanna í Noregi. Það var þó ekki alls kostar auðvelt að ferðast vegna takmarkanna í tengslum við COVID en engu að síður gott að geta hist í raunheimum og unnið saman á vettvangi. Í lok mars komu samstarfsskólarnir til Íslands og var það í fyrsta skipti sem öll þátttökulöndin náðu að hittast. Sú ferð gekk í alla staði ljómandi vel og öll verkefnavinna stóð undir væntingum. Öll vinna og upplýsingar um verkefnið er að finna á vefsíðu verkefnisins <https://geoheritage.fas.is/> en FAS hefur umsjón með vefsíðu verkefnisins. Næsta skólaár er síðasta árið í samstarfsverkefninu og fyrstu viku í október munu samstarfsskólarnir hittast í Noregi.

Svanhvít Helga Jóhannsdóttir

Svanhvít Helga Jóhannsdóttir tók við starfi verkefnisstjóra Erlendis samstarfs hjá FAS í september 2021 og umsjón með áfanganum Skiptinám erlendis á framhaldsári fjallamennskunámsins. Skólinn hafði starfsmenntastyrk til umráða frá árinu 2019 sem ekki hafði verið nýttur vegna covid. Skoski samstarfsskólinn University of Highlands and Islands gaf ekki kost á samvinnu þennan skólavetur. Verkefnisstjóri lagðist því í rannsóknarvinnu til að finna skólastofnanir í Evrópu með starfsemi sem líktist fjallamennskunámi FAS og gætu hentað sem samstarfsaðilar. Hún sendi tölvupósta á marga framhaldsskóla í Noregi með áherslu á útivist eða íþróttir, m.a. Møre folkehøgskule, Rodde folkehøgskole, Sund folkehøgskole, Sunnfjord folkehøgskule, Idrettsskolen Numedal folkehøgskole, Elverum folkehøgskule, Hallingdal folkehøgskule sem og einn skóla á háskólastigi, Høgskulen på Vestlandet. Mjög lítið var um viðbrögð við þessum tölvupóstum.

Einnig hafði verkefnisstjóri samband við ýmsa fjallaklúbba í Frakklandi t.d. Club Alpine Français Annecy, Club Alpine Français Albertville, Club alpin français de Pau og Club alpin français les Huskies. Verkefnisstjóri leitaði til franska sendiráðsins um samstarfsaðila og fékk þar góðar viðtökur. Þau bentu á École nationale des sports de montagne (ENSM) en vegna strangra inntökuskilyrða getum við ekki sent okkar nemendur á námskeið hjá þeim. Þessi vinna bar því ekki árangur.

Ákveðin vinna fór einnig í að kynna sér samning styrksins og úthlutunarreglur hans, en verkefnisstjóri hafði ekki komið að sambærilegu verkefni áður.

Verkefnisstjóri hóf samtalið við einkafyrirtæki sem starfsfólk innan skólans hafði tengingu við, Pict Expeditions og Midgard experience. Eftir samtalið við landskrifstofu Erasmus á Íslandi fékkst það staðfest að mögulegt væri að senda nemendur í starfsnám í formi námskeiðs, hefði það sterk vinnutengd þekkingarmarkmið. Vegna þess hvers konar nám fjallamennskunám FAS er, taldi verkefnisstjóri í samráði við skólameistara og verkefnastjóra fjallamennskunámsins þess konar starfsnám henta okkar nemendum mjög vel. Þá hófst skipulag og útfærsla þessara tveggja starfsnámsferða, annars vegar til Spánar og hins vegar til Slóveníu. Sú vinna hélt áfram fram á vorönn 2022 og afraksturinn var að 6 nemendur fóru í starfsnám erlendis í mars/apríl.

Eins og fram kemur að ofan fór mesta vinnan í áfangann Skiptinám erlendis, en utan hans svaraði Svanhvít tveimur fyrirspurnum annarra skóla um Erasmus samstarf. Það var annars vegar nemendaheimsókn frá Ítalíu tengd sjálfbærni og hins vegar heimsókn starfsfólks frá Írlandi tengd öryggis- og gæða stöðlum í fjallamennsku. Hvorug þessara hugmynda komst í farveg.

Júní 2022, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari